

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar haldinn föstudaginn 9. maí 2008 kl. 12:30 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Jóhannes Jónsson, Hulda Sigurðardóttir, Marínó Jónsson og Ágúst Marínó Ágústsson. Einnig sátu fundinn Björn Guðmundur Björnsson, fulltrúi sveitarstjóra og endurskoðendur sveitarfélagsins þeir Hlynur Sigurðsson og Magnús Jónsson frá KPMG.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

DAGSKRÁ:

Ársreikningur Langanesbyggðar - Fyrri umræða

Sveitarstjóri gerði grein fyrir ársreikningnum og skýrði frekar niðurstöður A-hluta, annars vegar, og B-hluta fyrirtækja og stofnana, hins vegar. Endurskoðendur gerðu grein fyrir skýrslu endurskoðenda og svöruðu fyrirspurnum ásamt sveitarstjóra.

Ársreikningi vísað til síðari umræðu og sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu.

Seinni umræða ákveðin föstudaginn 16. maí 2008 kl. 17:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:02